

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Hlíðarholts - hesthúsahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag Hlíðarholts - hesthúsahverfis. Skipulagið kveður m.a. á um byggingu 84 nýrra hesthúsa í hverfinu, auk reiðhallar og annarra mannvirkja í þágu reiðsports og hestamennsku.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri skipulagsuppdrættir frá árinu 1978.

*Akureyri, 17. maí 2001.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Kristján Þór Júlíusson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag lóðar Menntaskólans á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag lóðar Menntaskólans á Akureyri við Eyrarlandsveg. Skipulagið kveður m.a. á um byggingu nemendagarða austan núverandi heimavistar og fjölgun bílastæða á vesturhluta lóðarinnar.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Akureyri, 17. maí 2001.*

F.h. Akureyrarbæjar,

**Kristján Þór Júlíusson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breyting á skipulagsskilmálum í Hraunsholti, Ásum í Garðabæ.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skipulagsskilmálum deiliskipulags Hraunsholts í Ásum í Garðabæ. Í breytingunni felst að felld er niður setning í skipulagsskilmálum, grein 2.19 *Fjölbýlishús F-1*, þar sem fjallað er um fjölda íbúða á hæð. Breytingartilagan nær einungis til skilmálanna og hefur ekki í för með sér breytingu á samþykktum skipulagsuppdrætti. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagi við Klettás 1-5.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Klettás 1-5 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar í SA horni lóðarinnar og íbúðum verður fjölgað úr þremur í fjórar. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagi við Kjarrás 9.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Kjarrás 9 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar lítillega til austurs. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á skipulagi við Smáraflöt 44.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Smáraflöt 44 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður og að nýtingarhlutfall má verða allt að 0,28. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Háhæð 1-3.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Háhæð 1-3 í Garðabæ. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall á lóðinni í heild má vera allt að 0,4. Með deiliskipulagsbreytinguna hefur verið farið í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 29. maí 2001.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### **um breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveg“ vegna Dalshrauns 1, Hafnarfirði.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi „Iðnaðarhverfis austan Reykjavíkurveg“ vegna Dalshrauns 1, Hafnarfirði.

Breytingin felst í því að rífa núverandi mannvirki á lóðinni og reisa 4 hæða skrifstofubyggingu með inndreginni 5. hæð og bílakjallara.

Breytingin var í auglýsingu 31. janúar - 2. mars 2001, og athugasemdafrestur til 16. mars sl., samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 28. apríl 2001.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.